

## Samkomulag um skipan svæðisskipulagsnefndar

*Sveitarfélögin Fjarðabyggð, Fljótsdalshreppur, Múlaþing og Vopnafjarðarhreppur gera, með vísan til heimildarákvæðis í lokamálslið 1. mgr. 9. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010, með sér neðangreint samkomulag um skipan svæðisskipulagsnefndar.*

Svæðisskipulagsnefnd sér um framfylgd og breytingar á Svæðisskipulagi Austurlands 2022-2044 sem tók gildi við staðfestingu Skipulagsstofnunar 12. október 2022, sbr. 2. mgr. 9. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010.

### 1. grein

Svæðisskipulagsnefnd Austurlands er skipuð fulltrúum sveitarfélaganna í stjórn SSA. Fundir nefndarinnar skulu vera sérstakir dagskrárliðir á fundum stjórnar SSA og sérgreindir sem slíkir í fundargerðum. Formaður og varaformaður stjórnar SSA eru jafnframt formaður og varaformaður svæðisskipulagsnefndar. Ekki er greitt sérstaklega fyrir setu í svæðisskipulagsnefnd Austurlands, umfram þá þóknun sem fulltrúar fá fyrir setu sína í stjórn SSA.

Eftir samkomulagi þessu skal stjórn SSA takast á hendur öll þau verkefni og skyldur sem svæðisskipulagsnefndum eru falin með lögum nr. 123/2010 í samræmi við fyrirmæli þeirra laga og samkomulag þetta.

### 2. grein

Við afgreiðslu mála sem falla undir verksvið svæðisskipulagsnefnda samkvæmt lögum nr. 123/2010 gilda sérstakar reglur um atkvæðavægi fulltrúa. Skal hvert sveitarfélag sem aðili er að Svæðisskipulagi Austurlands hafa tvö atkvæði, með vísan til meginreglu sem fram kemur í 1. mgr. 9. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010.

Fulltrúar viðkomandi sveitarfélags í stjórn SSA, hvort sem um ræðir aðal- eða áheyrnarfulltrúa, fara með atkvæði síns sveitarfélags þannig að ef fulltrúi er einn, fer sá með tvö atkvæði, en ef fulltrúar eru tveir fer hvor þeirra með eitt atkvæði.

Séu fulltrúar sveitarfélags í stjórn SSA að jafnaði tveir, en aðeins annar þeirra situr fund þá fer sá sem situr fundinn með bæði atkvæði sveitarfélagsins, nema varafulltrúi frá sama sveitarfélagi sitji fundinn í stað hins aðalfulltrúarans, en þá fer eftir 3. grein samkomulagsins.

### 3. grein

Ef varafulltrúi í stjórn SSA situr fund stjórnar, hvort sem er fyrir aðal- eða áheyrnarfulltrúa, þar sem kemur til afgreiðslu mála á verksviði svæðisskipulagsnefndar, þá fer hann með atkvæði þess fulltrúa sem viðkomandi leysir af hólmi, komi þeir frá sama sveitarfélagi.

Ef varafulltrúi í stjórn SSA situr fundinn í stað aðalfulltrúa frá öðru sveitarfélagi fer varafulltrúinn ekki með atkvæði viðkomandi aðalfulltrúa við afgreiðslu mála sem svæðisskipulagsnefnd eru falin skv. lögum nr. 123/2010. Í slíku tilfalli fer hinn aðalfulltrúi sama sveitarfélags, sé honum til að dreifa, með atkvæðið sbr. 2. grein samkomulagsins. Ef enginn fulltrúi frá tilteknu sveitarfélagi situr fundinn þá fer enginn með atkvæði þess á fundinum.

#### 4. grein

Samkomulag þetta skal staðfest með undirritun fulltrúa hvers sveitarfélags sem aðild hefur að Svæðisskipulagi Austurlands 2022-2044, að undangenginni samþykkt í viðkomandi sveitarstjórn, og öðlast gildi þegar fulltrúar allra sveitarfélaganna hafa undirritað það.

Samkomulag þetta gildir samhliða Svæðisskipulagi Austurlands 2022-2044. Hverju sveitarfélagi er heimilt að segja samkomulagi þessu upp með samþykkt þess efnis í viðkomandi sveitarstjórn. Verði slík samþykkt gerð skal senda tilkynningu þess efnis til stjórnar SSA og fellur samkomulagið niður frá þeim tíma sem tilkynningin er móttækin. Skal þá án tafar hefja vinnu við gerð nýs samkomulags um fyrirkomulag svæðisskipulagsnefndar.

Ef gerðar verða breytingar á samþykktum SSA sem varða fjölda fulltrúa í stjórn SSA, skal taka samkomulag þetta upp og gera á því nauðsynlegar breytingar sem endurspeгла meginákvæði þess um jafnt atkvæðavægi sveitarfélaganna við afgreiðslu mála á verksviði svæðisskipulagsnefndar.

---

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar samþykkti samkomulagið 2. nóvember 2023

---

Sveitarstjórn Fljótisdalshrepps samþykkti samkomulagið 7. nóvember 2023

---

Sveitarstjórn Múlaþings samþykkti samkomulagið 15. nóvember 2023

---

Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps samþykkti samkomulagið 16. nóvember 2023

## Undirritunarsíða

Sara Elísabet Svansdóttir

Jóna Árný Þórðardóttir

Helgi Gíslason

Björn Ingimarsson